

LÖGMANNABLAÐIÐ

14. árgangur | mars | 1/2008

Framkoma lögmanna í dómsal
Heildarlög um meðferð sakamála
Íslenskt réttarfar fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu



Lögmannafélag
Íslands



Efnisyfirlit

Fagtengt efni

Ingimar Ingason:

Breytingar á félagatali nýliðins starfsárs

BLS

6

Helgi I. Jónsson:

Framkoma lögmanna í dómsal

10

Þorsteinn Einarsson:

Heildarlög um meðferð sakamála

12

Sveinn Guðmundsson:

Greiðslur fyrir bakvaktir lögmanna

14

Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson:

Réttur sakbornings og skyldur ríkisins

15

Valgeir Kristinsson:

Íslenskt réttarfar fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu

16

Erla S. Árnadóttir:

Meira um gagnagrunna

19

Ingimar Ingason:

Tilmæli CCBE um menntun verðandi lögmanna

29

Fastir pistlar

Hrafnhildur Stefánsdóttir:

Frá ritstjórn

4

Helgi Jóhannesson:

Pistill formanns

23

Eyrún Ingadóttir:

Fréttir frá félagsdeild

27

Á léttum nótum

Af Merði lögmanni

24

Hrafn Bragason:

Öldungadeild Lögfræðingafélags Íslands

28

Skák og mát

30

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:
Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

RITNEFND:
Sigurður Arnalds hrl.
Skúli Bjarnason hrl.
Svanhvít Axelsdóttir hdl.
Þorsteinn Einarsson hrl.

BLAÐAMAÐUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Helgi Jóhannesson hrl., formaður.
Lárentsínus Kristjánsson hrl.,
varaformaður.
Hjördís Halldórsdóttir hdl., ritari.
Ástríður Gísladóttir hdl., gjaldkeri.
Jóhannes B. Björnsson hrl.,
meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:
Nokkrir lögmenn úr stjórn og ritnefnd
LMFÍ síðasta starfsár. F.v.: Helgi
Jóhannesson, Ástríður Gísladóttir,
Þorsteinn Einarsson, Svanhvít Axels-
dóttir, Hörður Felix Harðarson, Hrafn-
hildur Stefánsdóttir, Hildur Friðleifsdóttir
og Sigurður Arnalds.

MYNDATAKA:
Eyrún Ingadóttir.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

Prentvinnsla:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440.

ISSN 1670-2689

Þú ræður ferðinni



BLESSNA.SIK.IS/TOY11827.02/08

Land Cruiser 200 – Fullkomið frelsi

Viltu standa þegar aðrir sitja? Viltu komast lengra, hraðar og fara hærra? Viltu vera óháður duttlungum náttúrunnar án þess að fórná nokkru af þeim þægindum sem þú átt skilið?

Nýr Land Cruiser 200 mun bylta hugmyndum þínum um alvöru jeppa. Yfirborðið er fágað og undir því leynast óteljandi tækninýjungar sem vinna allar að því að keyra þig áfram á konunglegan hátt og veita þér ógleymanlega akstursreynslu.

Komdu og reynsluaktu nýjum Land Cruiser 200. Upplifðu fullkomið frelsi.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

**Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.**

Ég hef ítrekað fjallað um hlutverk Lögmannablaðsins og efnisval í þessum pistli. Efni blaðsins ræðst þó að miklu leyti af málum og atburðum líðandi stundar og því starfi sem unnið er á vettvangi Lögmannafélagsins. Þar leggja lögmennt sem sæti eiga í stjórnnum og nefndum félagsins fram mikið starf í þágu hagsmuna allra félagsmanna ásamt starfsmönnum. Tilgangurinn er, eins og fram kemur í lögum Lögmannafélagsins, að gæta hagsmuna lögmannastéttarinnar, stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggis svo og samheldni og góðri samvinnu félagsmanna auk þess að standa vörð um sjálfstæði lögmannastéttarinnar og sinna lögboðnu eftirlits- og agavaldi. Aldrei má slaka á vönduðum vinnubrögðum eins og formaður félagsins bendir réttilega á í pistli sínum þar sem hann gerir frostið í íslensku og efnahags- og viðskiptalífi að umtalsefni. Hagsmunagæsla lögmannsstéttarinnar er ekki eingöngu fólgin í formlegum umsögnum til stjórnvalda. Skoðanir og þarfir lögmannna þurfa líka að koma fram með beinum hætti. Lögmannablaðið er kjörinn vettvangur til þess eins og aðsendar greinar lögmannna í þessu tölublaði um greiðslur fyrir réttargæslu og bakvaktir lögmannna bera vitni um. Eins má benda á grein um gagnagrunna sem tekur undir og bætir við umfjöllun um sama efni í síðasta tölublaði auk greinar um íslenskt réttar-

farsmál fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Slík umfjöllun er í anda áðurgreindra markmiða Lögmannafélagsins. Í blaðinu eru einnig jafnaðarlega birtar frásagnir af störfum félagsins. Það er þó mín skoðun að stjórnendur Lögmannafélagsins geti nýtt blaðið betur sem fréttavettfang, með léttari og beinskeyttari fréttum af þeim viðfangsefnum sem verið er að fást við og varða hagsmunum lögmannna á hverjum tíma. Afstaða Lögmannafélagsins komi t.d. skýrar fram í fréttum af störfum þess. Blaðið ásamt vef félagsins á að mínu mati að vera virkur vettvangur til að koma skoðunum og áherslum Lögmannafélagsins á framfæri bæði gagnvart félagsmönnum og öðrum. Ýmislegt má læra t.d. af danska lögmannablaðinu. Þar er það talið blaðinu til ágætis að iðulega sé vitnað til þess sem þar kemur fram í öðrum fréttamiðum. Nú á tímum „lobbyisma“ þurfa hagsmunasamtök eins og Lögmannafélagið að eiga virkan fréttamiðil.

Þetta er níunda tölublaðið undir minni ritstjórn og um leið það síðasta. Um leið og ég þakka félagum mínum í ritstjórninni og síðast en ekki síst blaðamanninum, Eyrúnu, fyrir frábært samstarf óska ég nýrri ritstjórn allra heilla.



VIÐSKIPTA **HLIÐ** MÁLANNA

Viðskiptablaðið

FRÉTTAVEFUR VIÐSKIPTABLAÐSINS

Á vefnum birtast fréttir úr viðskipta- og athafnalífinu, erlendar sem innlendar. Þar eru einnig nýjustu upplýsingar um stöðuna á markaði hér heima og erlendis sem og fréttir úr Kauphöllinni. Áskrifendum Viðskiptablaðsins býðst að lesa blaðið í heild á vefnum.

Nánari upplýsingar í 511 6622 og á www.vb.is

Viðskiptablaðið

vb.is




Ingimar Ingason

Breytingar á félagatali nýliðins starfsárs

Nýir félagsmenn frá síðasta aðalfundi eru samtals 74 (23), þar af 25 (19) sem leystu til sín eldri málflutningsréttindi. Þá hafa 16 (13) félagsmenn öðlast réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Alls voru 18 (32) lögmenn teknir af félagaskránni, þar af voru 2 (3) sviptir málflutningsréttindum sínum.

Félagsmenn eru nú samtals 774 (718) eða 56 (23) fleiri en á síðasta aðalfundi sem er 7,8 % fjölgun á milli ára. Héraðsdómslögmenn eru 526 (484) talsins og hæstaréttarlögmenn 248 (234). Alls eru 332 (335) lögmenn sjálfstætt starfandi og 129 (101) lögmenn fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 270 (241) lögmenn þar af 87 (93) hjá ríki eða sveitarfélögum og 183 (148) hjá fyrirtækjum og félagasamtökum (af þeim 97 (88) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum). Fjöldi lögmanna sem ekki stunda lögmennsstörf sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum er 43 (41) talsins. Lögmenn 70 ára og eldri á þessu ári, eru 68 (61) eða 8,7% félagsmanna.



Samsetning (%) félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Fjölgun félagsmanna í Lögmannafélaginu á tímabilinu 1997-2008.

MEISTARANÁM

VIÐ LAGAEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

- Rannsóknartengt meistaranám til ML-gráðu.
- Reiknað er með að námið taki tvö ár.
- Námið hentar ekki aðeins þeim einstaklingum sem lokið hafa grunnnámi í lögfræði heldur einnig þeim sem hafa háskólapróf í öðrum greinum.
- Nemendur sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði geta lokið fullnaðarprófi í lögfræði með meistaranáminu.
- Einstaklingsbundin námsáætlun.
- Markmið námsins er að þjálf og hvetja nemendur til greinandi og gagnrýnnar hugsunar og vísindalegra vinnubragna.
- Helstu einkenni námsins eru mikið val um áherslur og námsleiðir og margvíslegir möguleikar á sérhæfingu innan lögfræði og samþættingu við aðrar greinar.
- Gefinn er kostur á að ljúka meistaranámi á alþjóðasviði.

YFIRLIT YFIR KJÖRGREINAR OG MÁLSTOFUR Í MEISTARANÁMI 2008-2010

HAUST 2008

Kjörgreinar/málstofur	Kennarar
Advanced Legal English	Erlendína Kristjánsdóttir
Afbrotafraeði II	Svala Ólafsdóttir
Alþjóðviðskipti	Pórdís Ingadóttir og James H. Mathis
Evrópuréttur á sviði fjármálaþjónustu	Hallgrímur Ásgeirsson
Evrópuréttur II/Free movement of goods and adjacent areas	Peter Chr. Dyrberg
Evrópuréttur III/Competition Law	Peter Chr. Dyrberg
Gagnaöflun og málfutningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon
Mannréttindasáttmáli Evrópu	Oddný Mjöll Arnardóttir, Davíð Þór Björgvinsson og Guðrún Gauksdóttir
Málstofa II í stjórnsýslurétti - Endurskoðun og eftirlýgni	Margrét Vala Kristjánsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir og Sigurður Tómas Magnússon
Málstofa í bótarétti	Guðmundur Sigurðsson
Málstofa í fjölmálarétti	Páll Þórhallsson
Málstofa í stjórnskipunarrétti	Ragnhildur Helgadóttir
Málstofa um höfundarrétt	Rán Tryggvadóttir
Málstofa um stjórnhætti hlutafélaga	Áslaug Björgvinsdóttir
Neytendamarkaðsréttur	Gísli Tryggvason
The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition	Pórdís Ingadóttir
Umhverfisréttur	Ragna Arnadóttir og Sigríður Auður Arnadóttir
Útanríkisráðgjafi	Guðni Th. Jóhannesson
Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot. (I)	Þórunn S. Gunnarsson
ML ritgerð	
Starfsnám	

VOR 2009

Kjörgreinar/málstofur	Kennarar
Alþjóðadómstólar og friðsamlegar úrlausnir deilumála	Pórdís Ingadóttir
Alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir	Ádólfsteinn E. Jónasson og Einar Páll Tammi
Alþjóðlegir og innlendir fjármagnunarsamningar	Ádólfsteinn E. Jónasson
Alþjóðlegur skattaréttur	Gunnar Gunnarsson
Bandarísk réttarsaga, réttarkerfi og lög	Steinn Jóhannsson og John A. Prinsner
Business & Economic Law in China	Teemu Ruskola
Evrópuréttur á sviði fjármagnsmarkaða	Hallgrímur Ásgeirsson
Evrópuréttur II/Free movement of persons, services and capital	Peter Chr. Dyrberg
Evrópuréttur IV/The State and Competition	Peter Chr. Dyrberg
Gagnaöflun og málfutningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon
Hagnýt réttarheimspeki	
Hagnýt samningaréttur	Ádólfsteinn Leifsson og Guðrún B. Birgisdóttir
Hugverkaréttarsamningar	Jón Vilberg Guðjónsson og Rán Tryggvadóttir
Íslensk stjórnmal	Guðni Th. Jóhannesson
Málstofa í almannatryggingarétti	Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir
Málstofa um evrópskan samningarétt	Matthias G. Pálsson
Málstofa: Auðlindir og stjórnsýsla - Frá hugmynd til framkvæmdar	Elin Smáradóttir og Margrét Vala Kristjánsdóttir
Skuldaskilarettur	Steinn Jóhannsson og Valgerður Valdimarsdóttir
Vátryggingaréttur	Þóra Hallgrímsdóttir
Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot. (II)	Þórunn S. Gunnarsson
ML ritgerð	
Starfsnám	

HAUST 2009


Kjörgreinar/málstofur	Kennarar
Afbrotafraeði I	Svala Ólafsdóttir
Alþjóðleg lausafjar kaup	Þórunn S. Gunnarsson
Alþjóðlegur skattaréttur II	Gunnar Gunnarsson
Einkaleyfaréttur	Jón Vilberg Guðjónsson
Evrópskur fjölmálaréttur	Páll Þórhallsson
Evrópuréttur á sviði fjármálaþjónustu	Hallgrímur Ásgeirsson
Evrópuréttur II/Free movement of goods and adjacent areas	Peter Chr. Dyrberg
Evrópuréttur III/Competition Law	Peter Chr. Dyrberg
Fjarskiptaréttur	Jóhanna H. Halldórsdóttir og Sigurjón Ingvason
Gagnaöflun og málfutningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon
Hlutverk verjanda í opinberum málum	Björn L. Bergsson og Guðrún Sesselja Arnardóttir
Lagakenningar	Arnar Þór Jónsson og Davíð Þór Björgvinsson
Legal Communication	Peter Chr. Dyrberg
Málstofa um alþjóðlega mannréttindavernd	Oddný Mjöll Arnardóttir
Mannréttindasáttmáli Evrópu	Oddný Mjöll Arnardóttir, Davíð Þór Björgvinsson og Guðrún Gauksdóttir
Málstofa um stjórnhætti hlutafélaga	Áslaug Björgvinsdóttir
Neytendamarkaðsréttur	Gísli Tryggvason
Sjö- og flutningaréttur	Einar Baldvin Axelsson og Guðmundur Sigurðsson
Stjórnsýsluréttur II	Margrét Vala Kristjánsdóttir
The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition	Pórdís Ingadóttir
Útanríkisráðgjafi	Guðni Th. Jóhannesson
Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot. (I)	Þórunn S. Gunnarsson
ML ritgerð	
Starfsnám	

VOR 2010


Kjörgreinar/málstofur	Kennarar	Kjörgreinar/málstofur	Kennarar
Alþjóðastofnanir	Pórdís Ingadóttir	Kaup á fyrirtækjum/samruni - áreiðanleikakannanir	Ólafur Haraldsson, Garðar G. Gíslason og Kristín Edwald
Alþjóðlegur einkamalaréttur, lagaskil á sviði samningaréttar	Herdis Hallmarsdóttir og Guðjón Ólafur Jónsson	Mannréttindi í viðskiptum	Páll Ásgeir Davíðsson
Auðgunar- og efnahagsbrot	Sigurður Tómas Magnússon, Svala Ólafsdóttir og Björn Þorvaldsson	Málstofa í stjórnsýslurétti	Margrét Vala Kristjánsdóttir, Sesselja Erla Arnadóttir og Særun María Gunnarsdóttir
Business & Economic Law in China	Teemu Ruskola	Málstofa um auðlindarétt	Margrét Vala Kristjánsdóttir og Guðrún Gauksdóttir
Evrópuréttur á sviði fjármagnsmarkaða	Hallgrímur Ásgeirsson	Málstofa um evrópskan samningarétt	Matthias G. Pálsson
Evrópuréttur II/Free movement of persons, services and capital	Peter Chr. Dyrberg	Réttarsaga	Guðni Th. Jóhannesson og Ragnhildur Helgadóttir
Evrópuréttur IV/The State and Competition	Peter Chr. Dyrberg	Réttarsáttfærð	Gísli H. Guðjónsson og Jón Fr. Sigurðsson
Fjárfestingafélög, verðbréfasjóðir og lífeyrissjóðir	Tómas Njáll Möller	Verktaka- og útböðsréttur	Erlendur Gíslason og Othar Örn Petersen
Gagnaöflun og málfutningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon	Vörumerkjarettur	Rán Tryggvadóttir
Hagnýt samningaréttur		Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot (III)	Þórunn S. Gunnarsson
Heilbrigðisréttur	Ádólfsteinn Leifsson og Guðrún B. Birgisdóttir	ML ritgerð	
Íslensk stjórnmal	Dógg Pálsdóttir	Starfsnám	
	Guðni Th. Jóhannesson		

Umsóknarfrestur um inngöngu í meistaranámið haustið 2008 er til og með 31. mars.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um meistaranámið í kennsluskrá á vef lagadeildar Háskólans í Reykjavík: www.hr.is/lagadeild



Skipting (%) kvenkyns félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Skipting (%) karlkyns félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.

Af félagsmönnum eru 191 (174) kona þar af eru 25 (20) hæstaréttarlögmenn. Af konum í félaginu eru 55 (53) sjálfstætt starfandi og 51 (38) eru fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 83 (83) konur þar af 40 (40) hjá ríki eða sveitarfélögum og 43 (43) hjá fyrirtækjum og félagasamtökum (af þeim 31 (25)

hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum).

Af félagsmönnum eru 583 (544) karlar þar af eru 223 (214) hæstaréttarlögmenn. Af þessum 583 körlum eru 277 (282) sjálfstætt starfandi og 78 (63) starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og

stofnunum starfa 187 (158) karlar þar af 47 (53) hjá ríki eða sveitarfélögum og 140 (105) hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum (af þeim 87 (63) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum).

Tölur innan sviga eru frá fyrra starfsári.

Örugg eyðing gagna

GAGNAEYÐING

Bæjarflöt 4
112 Reykjavík
s. 568 9095
gagnaeyding.is

Rannsókn á bókhaldi og meintum viðskiptaglæpum

Við aðstoðum skiptastjóra og lögmenn við rannsókn á bókhaldi og meintum viðskiptaglæpum.

Fyrirtækjasvið KPMG
Ágúst Þórhallsson
sími 545 6027

kpmg.is

AUDIT ■ TAX ■ ADVISORY

Sterkari staða með skarpari þekkingu



HÁSKÓLI ÍSLANDS

LAGAÐEILD



Lagadeild Háskóla Íslands býður útskrifuðum lögfræðingum að auka þekkingu sína. Boðið er upp á almennt meistaranám – mag. jur., sérhæft meistaranám (LL.M.) og að taka einstök meistaranámskeið.

- » Í meistaranáminu gefst kostur á sérhæfingu með því að velja eitt af tíu áherslusviðum en þau samanstanda af fimm námskeiðum og ritgerð. Kandidatspróf er metið inn í meistaranámið auk þess sem mögulegt er að fá einstök námskeið metin sérstaklega. Námsstími getur verið fjögur ár og hentar því vel með vinnu.

» **Umsóknarfrestur er til 15. mars**

» **Fagleg menntun – frábært verð**

Í upphafi skólaárs er einungis greitt 45.000 kr. skrásetningargjald fyrir bæði haust- og vorönn.

LL.M. í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti

Nýtt sérhæft meistaranám fyrir lögfræðinga sem vilja sérhæfa sig í lagareglum sem gilda um auðlindir og umhverfi með áherslu á íslensk, evrópsk og alþjóðleg sjónarmið. Námið fer eingöngu fram á ensku.

Aukin sérhæfing fyrir flóknara atvinnulíf. Skoðaðu möguleika þína á: www.lagadeild.hi.is



Helgi I. Jónsson, dómstjóri

Framkoma lögmanna í dómsal

Tillitssemi og virðing gagnvart dómstólum

Í 1. mgr. 19. gr. siðareglna lögmanna (Codex ethicus) kemur fram að lögmönnum beri að sýna dómstólum fulla tillitssemi og virðingu í ræðu, riti og framkomu. Dómstólaráð samþykkti á fundi 21. maí 1999 þingreglur héraðsdómstóla, sbr. tilkynningu ráðsins nr. 3/1999. Kemur þar m.a. fram að þess sé óskað að málflytjendur beri skikkjur við aðalmeðferð máls. Tilgangur þessa er að aðgreina lögmanninn frá persónu sinni. Hið sama á við um skikkjuburð dómara. Þá er þar mælt fyrir um að málflytjendur flytji mál standandi við ræðupúlt.

Klæðaburður

Ekki er að finna fleiri skráðar reglur um framkomu lögmanna í dómsal. Í árunna rás hafa þó mótast ýmsar siðvenjur sem nú eru viðteknar. Má þar nefna þann sið að karlkyns lögmenn beri slífsi, oftast bindi, við aðalmeðferð máls. Eru flestir sammála um að slíkt beri merki um klæðaburð sem hæfir tilefninu. Þar sem ekki tíðkast að kvenfólk beri

almennt hálstau hefur sú venja mótast að kvenkyns lögmenn komi snyrtilega klæddir til aðalmeðferðar og verður ekki annað sagt en að sú regla hafi verið í heiðri höfð af þeirra hálfu. Á undanförunum árum hefur hins vegar nokkuð farið að bera á því að karlkyns lögmenn, einkum af yngri kynslóðinni, komi til aðalmeðferðar án hálstaus og var það tilefni bréfs höfundar þessa pistils til Lögmannafélags Íslands síðastliðið sumar þar sem vakin var athygli á þessu. Munu þau skrif hafa vakið nokkur viðbrögð af hálfu lögmanna en langflestir tóku þeim vel. Með snyrtilegum klæðnaði við aðalmeðferð máls sýna lögmenn ekki einungis dómstólum virðingu, heldur einnig skjólstæðingum sínum og þar með því ábyrgðarmikla starfi sem þeim hefur verið falið.

Öðru máli gegnir um venjulegar fyrirtökur mála og tíðkast þá frjálslægri klæðaburður enda eru þau þinghöld ekki eins formbundin og aðalmeðferð máls, einkum ef skjólstæðingar lögmanna eru ekki viðstaddir. Til síðs er þó hjá mörgum lögmönnum að bera skikkjur við

fyrirtökur mála og dómsuppkvaðningar og verður það að teljast til fyrirmyndar.

Ávörp og kynning

Löngum hefur tíðkast að lögmenn ávarpi dómara í þriðju persónu í dómsal og öfugt. Allsendis óviðeigandi er að lögmenn noti skírnamafn dómara þegar þeir ávarpa hann. Einnig þykir það góð regla að aðilar máls og vitni séu ávörpuð í þriðju persónu þegar skýrslur eru teknar af þeim. Verður sá háttur að teljast eðlilegur og í samræmi við þá forbundnu meðferð máls sem gert er ráð fyrir við dómsmeðferð þess. Hafa verður ríkulega í huga að þegar dómara og lögmenn hittast fyrir í dómsal er ekki um neinn góðravinafund að ræða heldur er þar tekist á um hagsmuni sem varða aðila máls oftast miklu. Þá leggja dómara áherslu á að lögmenn virði þau tímamörk málflytningræðu sem ákveðin voru við undirbúning aðalmeðferðar. Taka ber þó fram að á síðari árum hefur þetta ekki verið vandamál.

Ekki hefur tíðkast héraðsáttak að lögmenntandi upp þegar þeir ávarpa dómara en sú venja er viðtekin í engilsaxnesku réttarfari. Má velta því fyrir sér hvort æskilegt sé að taka upp þann samskipta máta við aðalmeðferð máls. Sú regla er hins vegar viðtekin héraðsáttak að lögmenntandi upp þegar dómari gengur í og úr dómstólum. Góður siður er og að lögmenntandi kynni sig fyrir dómara þegar þeir mæta hjá honum fyrstu skiptin. Þá er stundvísu dyggð sem lögmönnum, jafnt sem öðrum, ber að temja sér.

Farsímar og drykkjarvatn

Með tilkomu farsíma koma upp vandamál vegna hringinga í dómstólum og því áriðandi að lögmenntandi gæti þess að slökkva á slíkum tólum áður

en inn er gengið. Auk þess sem hringingar í dómstólum eru ærið hvimleiðar geta þær truflað hljóðupptökur. Í dómstólum stendur lögmönnum, aðilum og vitnum drykkjarvatn til boða. Þar sem nokkuð var farið að bera á því í Héraðsdómi Reykjavíkur að lögmenntandi tækju með sér drykkjaföng í dómstólum var nýlega tekið fyrir slíkt í dómstólum og tilkynning þess efnis hengt upp í lögmannaherbergi.

Traust á dómstólum

Dómstólur er sameiginlegur vettvangur dómara og lögmanna og því afar brýnt að gagnkvæm virðing ríki þar milli þessara fagstétta. Þá þykir rétt að benda á mikilvægi þess að lögmenntandi sýni hvor öðrum hæfilega

virðingu í dómstólum og til fyrirmyndar er að þeir takist í hendur að loknum málflytningu. Undirstrikar það að ekki er um persónulegt deilumál milli lögmanna að ræða heldur eru þeir að þjóna hagsmunum skjólstaðinga sinna. Áriðandi er að þinghöld fari vel fram, gætt sé að formbundnum samskiptum og þau hafi þann blæ yfir sér sem nauðsynlegur er til að skapa traust almennings á dómstólum. Fara þar saman hagsmunir dómara og lögmanna.

Að lokum ber að taka fram að samskipti lögmanna og dómara hafa almennt gengið vel og verður svo vonandi áfram.




Heildarlög um meðferð sakamála

Frumvarp til laga um meðferð sakamála liggur fyrir Alþingi en því er ætlað að leysa af hólmi lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 auk ákvæða ýmissa sérлага. Í frumvarpinu eru lagðar til veigamiklar breytingar sem fela í sér löngu tímabærar réttarbætur. Laganefnd LMFÍ hefur skilað umsögn til Alþingis og lýsir yfir ánægju með frumvarpið en gerir þó athugasemdir við einstök ákvæði þess. Umsögn laganefndar er aðgengileg á heimasíðu LMFÍ en hér verður gerð grein fyrir nokkrum atriðum hennar.

Ákærvaldið

Laganefnd styður þá tillögu að fjölga stjórnslustigum ákærvalds úr tveimur í þrjú en telur hins vegar skipan ákærvalds sem lögð er til í frumvarpinu vera annmörkum háð. Ekki sé nægjanlega ljóst hverjir skuli fara með ákærvald í einstökum málum né heldur hvert skuli vera innbyrðis samband þeirra. Laganefnd gagnrýnir að gert sé ráð fyrir að margir héraðssaksóknarar starfi við eitt embætti héraðssaksóknara á landinu. Ástæða sé til að óttast að embætti héraðssaksóknara verði ekki embætti eins ákærvaldshafa, eins og tíðkast hefur, heldur muni margir fara með ákærvald í krafti eins embættis héraðssaksóknara. Laganefnd bendir á að í athugasemdum með frumvarpinu komi fram að héraðssaksóknarar starfi ekki sjálfstætt að málum sem þeim sé úthlutað heldur beri forstöðumaður embættis héraðssaksóknara ábyrgð á ákvörðunum héraðssaksóknara er við embættið starfa. Laganefnd leggur til að frumvarpinu verði breytt og að héraðssaksóknari verði einungis einn en honum til aðstoðar yrðu saksóknarar og eftir atvikum aðstoðarsaksóknarar og saksóknarafulltrúar.

Laganefnd lýsir sig andvíga ákvæði 3. mgr. 22. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um heimild dómsmálaráðherra, að fenginni umsögn ríkissaksóknara, til að setja á stofn embætti sérstaks héraðssaksóknara til að fara með ákærvald í tilteknum málaflokkum sakamála. Laganefnd telur eðlilegt að hinn almenni héraðssaksóknari fari með ákærvald í öllum málaflokkum rétt eins og valdsvið dómstóla nær til allra málaflokka.



Þá gagnrýnir laganefnd að ekki skuli skilið alveg á milli rannsóknar sakamála og ákvörðunar um útgáfu ákæru. Lagt er til að lögreglustjórar fari aðeins með ákærvald í einföldum sérrefsilagabrotum en ákærvald verði að öðru leyti fært til embættis héraðssaksóknara.

Rannsókn mála

Laganefnd leggst gegn því ákvæði frumvarpsins er mælir fyrir um frekari takmörkun á aðgangi verjanda að gögnum máls en nú er.

Laganefnd telur óásættanlegt að verjendur þurfi að una mati lögreglu á því hvaða skjöl varði skjólstaðinga þeirra og leggur því til að reglu gildandi laga um aðgang verjanda að gögnum máls verði ekki breytt.

Laganefnd gagnrýnir ákvæði 89. gr. frumvarpsins sem segir að ríkissaksóknara sé heimilt að setja reglur um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála. Með þessu ákvæði verði lagasetningarvald í raun framselt til ríkissaksóknara og telur nefndin ákvæðið vart standast stjórnarskrá. Lagt er því til að settar verði lagareglur um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála.

3. mgr. 111. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir því að dómur kunni að verða byggður á skýrslu sem gefin var við rannsókn máls hjá lögreglu eða öðrum stjórnvöldum, hafi vitni ekki komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína. Laganefnd telur þá tilhögun ekki samrýmast meginreglu opinbers réttarfars um beina og milliliðalaus sönnunarfærslu fyrir dómi og bendir að auki á að verjandi sakbornings hefur í fæstum tilvikum tök á því að gæta hagsmuna hans við rannsókn máls hjá lögreglu.

Málsmeðferð

Laganefnd telur ákvæði 165. gr. frumvarpsins vera of þröngt en ákvæðið mælir fyrir um að dómari geti gefið ákærða kost á því að leggja fram skriflega greinargerð enda sé málið flókið og umfangsmikið. Nefndin telur rangt að setja það í vald dómara að ákveða hvort ákærði fái að leggja fram skriflega greinargerð og að ekki sé réttlætanlegt að meina sakborningi að leggja fram skriflega greinargerð í máli sem ákærvaldið hefur höfðað gegn honum.

Þá leggst laganefnd gegn ákvæði 166. gr. frumvarpsins er mælir fyrir um heimild dómara til að takmarka málfrelsi málflytjanda og telur það ákvæði ekki samrýmast ákvæðum 70. gr. og 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 8. og 11. gr. stjórnskipulaga nr. 97/1995 og 1. og 3. mgr. 6. gr. og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Laganefnd leggur til breytingu á 2. mgr. 183. gr. frumvarpsins um að dómurum verði gert að rökstyðja það í dómum sínum ef þeir fallast ekki á að leggja tímaskráningu verjanda eða réttargæslumanns til grundvallar ákvörðunar þóknunar. Ennfremur leggst laganefnd gegn því að einungis verði heimilt að kæra úrskurði héraðsdómara til Hæstaréttar en ekki ákvarðanir héraðsdómara.

Helstu nýmæli frumvarpsins

- Gildissvið laga um meðferð sakamála er afmarkað með skýrara hætti en lög nr. 19/1991.
- Ákærvaldinu verður framvegis skipt í þrjú stjórnslustig í stað tveggja. Lögreglustjórar fara með rannsókn og ákærvald í minni háttar málum. Héraðssaksóknari fer með ákærvald í öllum meiri háttar sakamálum en ríkissaksóknari tekur ákvarðanir um áfrýjun héraðsdóma auk þess að setja almennar reglur og hafa eftirlit með öðrum ákærendum.
- Ítarleg ákvæði eru um skýrslutöku lögreglu af sakborningum og vitnum við rannsókn mála.
- Lagðar eru til breytingar á reglum um sönnun og sönnunargögn og ítarleg ákvæði eru um matsgerðir, skjöl og önnur sönnunargögn, sem ekki er að finna í núgildandi lögum.
- Sérstakar reglur eru um skýrslugjöf ákærða fyrir dómi en lög nr. 19/1991 geyma ekki sérreglur um það efni.
- Ákærða verður gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð af sinni hálfu til dómstóls á sama hátt og stefndi í einkamáli.
- Hver sem er getur fengið aðgang að ákæru þremur sólarhringum eftir að hún hefur verið birt ákærða nema sérstakir almanna- eða einkahagsmunir standi því í vegi.

Laganefnd segir það miður að ekki sé gert ráð fyrir þeirri meginreglu í frumvarpinu að bein og milliliðalaus sönnunarfærsla fari fram fyrir Hæstarétti. Bendir nefndin á að núverandi fyrirkomulag, þar sem ekki hefur tíðkast að skýrslur séu teknar við meðferð mála fyrir Hæstarétti, standist hvorki ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hefur verið hér á landi, né þá grundvallarreglu opinbers réttarfars að sönnunarfærsla sé bein og milliliðalaus. Þá fagnar laganefnd sérstaklega því ákvæði frumvarpsins er mælir fyrir um að dómari, eða dómara, sem kveðið hafa upp dóm sem ómerktur er í Hæstarétti, skuli ekki fjalla um sama mál að nýju þegar málið er tekið fyrir í héraðsdómi á nýjan leik.

Hér á undan hefur aðeins verið fjallað um nokkur atriði í ítarlegri og vandaðri umsögn laganefndar sem er aðgengileg í heild sinni á heimasíðu LMFÍ. Nefndin hefur vandað til verka og á þakkir skildar.

Þorsteinn Einarsson, hrl.



Sveinn Guðmundsson, hrl.

Greiðslur fyrir bakvaktir lögmanna

Fyrir mörgum árum taldi ég rétt að gefa kost á mér bakvaktarlista lögmanna. Skuldbindingin er þó nokkur en maður verður í tvígang yfir árið að vera til taks í viku í senn, fyrst sem aðalmaður og síðar sem varamaður. Mér varð fljótlega ljóst að uppgjör vegna vinnu á þessum vettvangi var mjög brotakennt. Frá því að reikningur var gefinn út og þar til hann var greiddur gátu liðið margar vikur og jafnvel mánuðir. Engu að síður lét maður þetta yfir sig ganga þar sem tilgangurinn var að láta eitthvað gott af sér leiða frekar en launin.

Það er nauðsynlegt að lögmenn gefi kost á sér til þessara starfa til að tryggja sem best réttargæslu og verjandastörf fyrir brotaþola og brotamenn. Í dag eru um það bil 62 lögmenn á bakvaktarlistanum en þeim hefur nú fækkað um einn því ég hef látið taka nafn mitt af listanum.

Í tveimur málum sem ég vann að á árunum 2006 og 2007 gerði ég tvo aðskilda reikninga sem báðir voru útgefnir í september 2007. Fyrri reikningurinn hljóðaði upp á 145.000 krónur og sá síðari upp á 80.000 krónur. Tveimur mánuðum

síðar tilkynnti deildarstjóri lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu mér að fyrri reikningurinn væri of hár um 30.000 krónur og endursendi mér hann. Þrátt fyrir að ég teldi mig hafa farið að settum reglum og viðmiði Dómstólaráðs þá hafði ég engan áhuga á að tefja þetta mál frekar heldur gerði því nýja reikning í samræmi við óskir deildarstjórans að fjárhæð 110.000 krónur. Reikningurinn var útgefninn í nóvember 2007 og sendur embættinu. Þegar þetta er skrifað, í þriðju viku febrúar anno 2008, eru liðnir fimm mánuðir frá upphaflegri útgáfu reikninganna en hvorugur þeirra hefur enn verið greiddur af hálfu lögreglustjórans. Ég hef hins vegar samviskusamlega greitt virðisaukaskattinn af þeim báðum enda eru engin grið gefin hjá ríkinu. Þar sem ég hef engan áhuga að að fjármagna virðisaukaskatt á reikningum sem ríkið trassar að greiða ákvað ég að láta taka mig

Bakvakt lögmanna

Lögmenn sem eru skráðir á bakvaktarlista taka að sér vikulangar vaktir u.þ.b. einu sinni á ári. Lögregluyfirvöld á höfuðborgarsvæðinu geta haft samband við vakthafandi lögmenn ef þurfa þykir. Bakvaktarlisti lögmanna hefur verið skipulagður af Lögmannafélagi Íslands í fjöldamörg árum.

af bakvaktalista lögmanna. Um leið og ég sendi öllum kollegum mínum sem starfa á þessum vettvangi baráttukveðjur þá lýsi ég mig tilbúinn til að taka að mér innheimtu fyrir þá ef þeir upplifa sömu reynslu og ég hvað varðar greiðslu reikninga.



The Nordic Exchange



Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson, hdl.

Réttur sakbornings og skyldur ríkisins

Í 36. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála (oml) segir að lögreglu sé skylt að verða við ósk sakbornings um að tilnefna verjanda ef sakborningur hefur verið handtekinn í þágu rannsóknar opinbers máls. Tilnefning lögreglu fellur svo sjálfkrafa úr gildi ef sakborningur er látinn laus eða er leiddur fyrir dóm. Í 44. gr. oml. kemur fram að dómari ákvarði þóknun verjanda í einu lagi ef sá sem hefur verið tilnefndur sem verjandi sakbornings er síðan skipaður til að gegna því starfi en að öðrum kosti skuli lögrelustjóri eða löglærður fulltrúi lögrelustjóra ákvarða þóknun tilnefnds verjanda. Þóknun verjanda greiðist úr ríkissjóði og telst til sakarkostnaðar. Þessi ákvæði oml. eru liður í því að tryggja sakborningi réttláta málsmeðferð, sbr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu svo eitthvað sé nefnt.

Réttur sakbornings til að njóta aðstoðar verjanda þegar hann hefur verið handtekinn í þágu rannsóknar opinbers máls er skýr og ótvíræður. Íslenska ríkið hefur undirgengist þá skyldu á alþjóðavettvangi að tryggja sakborningi ákveðin lágmarks-

réttindi en í c. lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu kemur fram að sakborningur eigi rétt á ókeypis lögfræðiaðstoð hafi hann ekki efni á að greiða fyrir aðstoðina. Það er því ljóst að sú skylda hvílir á íslenska ríkinu að tryggja lögmönnum greiðslur fyrir störf þeirra í þágu sakborninga hvað sem líða kann síðari endurkröfurétti.

Verklag það sem myndast hefur hjá lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu varðandi greiðslur til lögmanna sem tilnefndir hafa verið verjendur á rannsóknarstigi er hvimleitt svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þar virðist vera litið svo á að lögmenn sem hafa verið tilnefndir sem verjendur við rannsókn mála eigi ekki rétt á því að fá greitt fyrir störf sín fyrir en rannsókn er lokið og formleg ákvörðun hefur verið tekin um framhald málanna. Þetta verklag er beinlínis í andstöðu við áður nefnda 36. gr. oml þar sem starfi verjandans lýkur ef sakborningur er látinn laus eða er leiddur fyrir dóm og hlýtur verjandinn þar með að eiga að gera reikning vegna starfa sinna þegar þeim er lokið. Það er síðan algerlega undir hælinn lagt hvor sami verjandi heldur áfram með málið á síðari stigum rannsóknar eða fyrir dómi. Ef sakborn-

ingur er strax leiddur fyrir dómara er viðkomandi lögmaður skipaður verjandi og þá gegnir allt öðru máli með málsvarnarlaun, en þau eru þá greidd af héraðsdómi.

Þar sem rannsókn mála getur dregist mánuðum eða jafnvel árum saman gefur augaleið að þessi framkvæmd hjá lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu er með öllu ótæk. Hún er heldur ekki í samræmi við það sem gengur og gerist hjá öðrum lögrelustjóraembættum í landinu. Þar eru reikningar lögmanna sem tilnefndir hafa verið sem verjendur á rannsóknarstigi greiddir hratt og örugglega og þegar máli er vísað til dóms er kostnaður tilgreindur sem sakarkostnaður á rannsóknarstigi.

Sjálfstætt starfandi lögmenn geta ekki tekið að sér að vera lánastofnanir fyrir lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og íslenska ríkið. Það hvílir skýr og ótvíræð lagaskylda á þessum aðilum að tryggja lögmönnum sem tilnefndir hafa verið sem verjendur sakbornings á rannsóknarstigi greiðslur fyrir störf sín. Þá skyldu ber að uppfylla.



Valgeir Kristinsson, hrl.

Íslenskt réttarfar fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu

Þann 6. desember 2007 var kveðinn upp dómur í Mannréttindadómstóli Evrópu í máli gegn íslenska ríkinu í kjölfar hæstaréttardóms nr. 214/2003, Súsanna Westlund gegn Bjarna Ómari Guðmundssyni.

Málavextir

Það mál varðaði galla í fasteignaviðskiptum við sölu á fasteign í Reykjavík vorið 1999. Seljandi hafði skipt um þakskífur að hluta á 50 ára gömlu húsi sínu áður en sala fór fram. Í söluyfirliti var þess getið að skipt hefði verið um þakskífur en ekki að það hefði aðeins verið gert að hluta. Kaupandi taldi að í söluyfirliti fælist að skipt hefði verið um allar þakskífurnar. Seljandi taldi kaupanda hafa kynnt sér vel ástand hússins þar sem hann hafði fengið það afhent nokkrum vikum áður en kaupsamningur var undirritaður og á þeim tíma haft menn í vinnu vegna endurbóta úti og inni.

Kaupandi fékk viðurkennt með héraðsdómi þann 16. apríl 2003 að hann hefði mátt treysta því að skipt hefði verið um allar þakskífurnar og fékk dæmdar fullar bætur vegna þessa galla. Seljandi vildi ekki una héraðsdómi og áfrýjaði málinu til Hæstaréttar.

Málinu áfrýjað til Hæstaréttar

Áfrýjunarstefna var gefin út og birt með tilskildum hætti og áfrýjanda veittur lögbundinn frestur til að útbúa gögn málsins. Jafnframt var stefnda veittur frestur til sama tíma til að tilkynna Hæstarétti hvort hann tæki til varna. Við þingfestingu málsins fyrir Hæstarétti þann 26. júní 2003 lagði áfrýjandi fram greinargerð sína og endurrit máls-gagna sem lögð voru fram í héraði.

Stefndi tilkynnti ekki að hann mundi taka til varna fyrir Hæstarétti og var þar með kominn upp sú staða sem greinir í 3. mgr. 158. gr. laga númer 91/1991 um meðferð einkamála en 1. mgr. 158. gr. hljóðar svo:

„1. Nú hyggst stefndi skila greinargerð í máli, og skal þá bréfleg tilkynning hans um það berast Hæstarétti innan frests sem honum var settur í þessu skyni í áfrýjunarstefnu. Þegar mál er þingfest ákveður [skrifstofa Hæstaréttar]1) stefnda frest í fjórar til sex vikur til að skila greinargerð og sendir honum eintak af málgögnum áfrýjanda. Áfrýjanda skal tilkynnt um þann frest sem stefnda er veittur.“

3. mgr. laganna er svohljóðandi: *„3. Berist Hæstarétti ekki tilkynning skv. 1. mgr. eða skili stefndi ekki greinargerð innan þess frests sem honum hefur verið settur skal litið svo á að hann krefjist staðfestingar héraðsdóms. Skal málið þá dómtekið, en fyrst má þó veita áfrýjanda skamman frest til að ljúka gagnaöflun sem hann hefur boðað í greinargerð. Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna án munnlegs flutnings.“*

Ferill málsins fram að dómsuppkvaðningu

Þegar hér var komið átti lögmaður áfrýjanda samskipti við skrifstofu-stjóra Hæstaréttar um áhrif þess að stefndi nýtti sér ekki rétt sinn samkvæmt 158. gr. einkamálalaga og óskaði áfrýjandi að flytja málið skriflega, enda væri málið engan veginn tilbúið til dóms á grundvelli áfrýjunarstefnu og greinargerðar áfrýjanda fyrir Hæstarétti. Lögmanni áfrýjanda var af því tilefni tjáð að það væri skilningur Hæstaréttar á 3. mgr. 158. gr. einkamálalaga að ekki væri heimilt af hálfu áfrýjanda að flytja málið, hvorki munnlega né skriflega. Ekki kæmi heldur til greina að skila nýrri greinargerð.



Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg.

Lögmaður áfrýjanda mótmælti skilningi Hæstaréttar og vísaði til þess sem kemur fram í greinargerð frumvarps með 158. gr. einkamálalaganna að ekki stæði til að breyta þeirri venju sem áður gildi samkvæmt fyrri einkamálalögum, að áfrýjandi mætti flytja málið skriflega við þær aðstæður sem hér að ofan hefur verið lýst. Ekkert svar barst frá Hæstarétti við kröfu áfrýjanda.

Í greinargerð fyrir Hæstarétti greindi áfrýjandi frá því að hann myndi biðja um matsgerð á nánar tilteknum atriðum vegna matsgerðar dómkvadds matsmanns sem stefnandi í héraði lagði fram. Með því var óskað eftir umfjöllun um hvort tilteknir verkþættir í fyrri matsgerð væru nauðsynlegir. Dómkvaddur matsmaður staðfesti matsgerðina fyrir héraðsdómi. Við sama tækifæri var tekin fyrir krafa áfrýjanda um að þeir menn sem voru í vinnu við endurbætur á húsinu fyrir afhendingu kæmu fyrir dóm til að upplýsa um það hvort kaupandi hefði kynnt sér húsið og ástand þess, þar á meðal þakið. Lögmaður kaupanda mótmælti þeirri skýrslutöku með því að málið væri komið í dóm fyrir Hæstarétti en hann taldi sig ekki vita hverjir mennirnir væru. Matsgerðin var svo lögð fram í

Hæstarétti ásamt tveimur ljósmyndum sem teknar voru af húsinu frá götu og gátu bent til þess að sýnilegt hefði verið með berum augum hvort skipt hefði verið um þakskífurnar að hluta eða öllu leyti. Einnig var í skýringum með matsgerðinni skorað á dómendur að fara á vettvang til að meta sjálfir hvort hinn meinti galli væri sýnilegur frá götu. Með dómi Hæstaréttar frá 3. júní 2004, nr. 214/2003, var héraðsdómur staðfestur.

Málið sent til Mannréttindadómstóls Evrópu

Áfrýjandi sætti sig ekki við málsmeðferðina fyrir Hæstarétti þar sem hann taldi sér ekki hafa verið veittur réttur til að koma að sjónarmiðum sínum, rökum, málsástæðum, dómafordæmum, fræðilegum tilvísunum og lagasjónarmiðum áður en málið var dæmt. Hann kærði því málið til Mannréttindadómstóls Evrópu og taldi að Hæstiréttur hefði með skilningi sínum á 158. gr. einkamálalaga brotið 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans að því er varðar rétt til réttlátrar málsmeðferðar. Vísaði áfrýjandi til þeirra hafta sem lagður var á málatilbúnað hans fyrir Hæstarétti. Reifun málsins fyrir Hæstarétti á grundvelli fram

lagðrar greinargerðar og áfrýjunarstefnu áfrýjanda væri með öllu ófullnægjandi. Við þingfestingu málsins hefði einungis ramminn um málið verið til staðar, kröfum um ítarlegri reifun sem í málflutningi felst hafi verið hafnað. Íslenska ríkið tók til varnar fyrir Mannréttindadómstólnum og sótti málið af verulegri hörku. Því var t.d. haldið fram að ekki væri ágreiningur um málsatvik eða lagaatriði.

Athyglisverður dómur

Niðurstaða Mannréttindadómstólsins er athyglisverð fyrir íslenskt réttarfar þar sem **Íslenska ríkið var talið hafa brotið 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu** með því að meina áfrýjanda að færa fram fullnægjandi röksemdir af sinni hálfu áður en málið var dæmt. Sérstaka athygli vekur að dómstóllinn gerir alvarlegar athugasemdir við tvö önnur atriði í íslenskum réttarfarsreglum umfram það sem áður er nefnt.

Fyrri atriðið er að Hæstarétti er skylt að heimila munnlegan málflutning þótt stefndi taki ekki til varna. Þannig telur Mannréttindadómstóllinn það ekki standast að hafna munnlegum málflutningi við þær aðstæður sem komu upp í þessu máli þrátt fyrir ákvæði 158. gr. einkamálalaga sem tekur fyrir munnlegan málflutning.

Síðara atriðið er að heimila ber vitnaskýrslur fyrir Hæstarétti. Með réttu hefði Hæstiréttur átt að heimila skýrslutöku af þeim starfsmönnum sem unnu fyrir kaupanda til að upplýsa um vitneskju hans um húspakið. Mannréttindadómstóllinn beinir því til íslenska ríkisins að koma réttarreglum um skýrslutöku fyrir Hæstarétti í það horf sem grunnreglur mannréttindasáttmálans kveða á um.

frh. á næstu síðu

Íslenska ríkinu var gert að greiða kæranda málskostnað vegna reksturs málsins ytra, 18.000 evrur auk skatta og vaxta og miskabætur 2.500 evrur. Íslenska ríkið var sýknað af kröfu um greiðslu skaðabóta.

Málið var dæmt í „Third section“ fyrir Mannréttindadómstólnum og er kæranda heimilt að óska eftir að málið fari fyrir „The Grand Chamber“ sem er áfrýjunarstig innan dómsins og það mun væntanlega verða gert vegna skaðabóta-kröfunnar.

Lokaorð

Undirritaður vill í lokin nefna að ekki verður hjá því komist að undrast nánast óyfirástíganlega

hindrun í rekstri mála eins og þess sem hér er rakið við að fá dæmdar skaðabætur þrátt fyrir viðurkennd mannréttindabrot.

Mannréttindadómstóllinn er afar tregur til að dæma einstaklingi skaðabætur svo sem sjá má af dómaframkvæmd, þ.e. þegar reglur um málflutning og málskot eru brotnar. Það skýrist af því sjónarmiði, sem dómstóllinn hefur tekið upp, að hann telur að með því að dæma skaðabætur setji hann sig í spor áfrýjunardómstólsins eins og málið hefði verið munnlega flutt þar.

Þarna tel ég Mannréttindadómstóllinn hafa sett sig í nokkra sjálfheldu. Eðlilegra væri að dæma sanngjarnar bætur ef ríki brýtur mannréttinda-

reglur gagnvart þegni sínum og láta viðkomandi ríki bera hallann og tjónið vegna óvissunnar. Að óbreyttu fær Súsanna Westlund, kærandi í málinu, nafn sitt skráð í réttarsöguna. Hún hefur fengið íslenska ríkið dæmt fyrir mannréttindabrot og fær sjálf lítilsháttar miskabætur en ber hinn fjárhagslega skaða sjálf. Hún ryður samt brautina og aðrir þurfa væntanlega ekki að líða í framtíðinni fyrir ranglæti núgildandi 158. gr. einkamálalaga auk þess sem málið mun væntanlega leiða til fleiri breytinga á réttarfarslögum.

Fyrir þá sem vilja skoða dóminn í heild, sjá: <http://cmiskp.echr.coe.int>

Pólskur lögfræðingur á íslenskri lögmannsstofu

Vorið 2007 réð lögmannsstofan Tort pólskan lögfræðing til starfa, Önnu Kubs. Tort er dótturfélag Forum lögmanna og hefur afmarkað verksvið sitt við að annast innheimtu bóta vegna líkamstjóna. Talið er að um 10.000 Pólverjar búi á Íslandi, auk fjölmargra annarra Austur Evrópubúa. Að sögn Helga Birgissonar, eins eigenda stofunnar, er verið að koma til móts við þennan stóra hóp. Anna Kubs hefur búið á Íslandi í nokkur ár. Hennar starf er fyrst og fremst aðstoða þá útlendinga sem til lögmannstofunnar leita vegna umferðar- og vinnuslysa. Auk auk pólsku talar Anna íslensku, ensku og þýsku.

Lögmannanámskeið

Námskeið til öflunar réttinda til að vera héraðs-dómsslögmaður stendur nú yfir og er þetta í tíunda skiptið sem slíkt námskeið er haldið á s.l. níu árum. Alls eru 37 þátttakendur skráðir á námskeiðið í ár, þar af tíu sem ekki luku námskeiðinu á síðasta ári með fullnægjandi hætti. Gert er ráð fyrir að námskeiðinu ljúki í maí n.k.

RENATA ERLENDSSON
 löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi
 certified translator & court interpreter

ÞÝSKA- ENSKA- RÚSSNESKA
 GERMAN - ENGLISH - RUSSIAN



Renata ehf, þýðingar og túlkun
 Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
 E-mail: renata@tv.is

Símar: 557 2830 h • 562 2562 v
 GSM: 898 0904 • Fax: 562 2517



Erla S. Árnadóttir, hrl.

Meira um gagnagrunna

Sigurður R. Arnalds hrl. ritar ágæta grein í síðasta hefti Lögmannablaðsins um dóm Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 107/2007. Með dóminum var því slegið föstu að skrár, er starfsmaður íslenskrar erfðagreiningar ehf. afritaði meðan hann var starfsmaður félagsins, hefðu verið gagnagrunnar er nytu verndar 1. mgr. 50. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Hæstiréttur þyngdi skilorðsbundna fangelsisrefsingu starfsmannsins úr tveimur mánuðum í sex mánuði. Sigurður skýrir 1. mgr. 50. höfundalaganna með tilliti til dómaframkvæmdar Evrópuþómstólsins og bendir á að Hæstiréttur hafi verið vel meðvitaður um þau skilyrði sem dómaframkvæmdin setur sértækri vernd gagnagrunna. Sigurður gagnrýnir að Hæstiréttur byggi niðurstöðu sína á framburði starfsmanna Íslenskrar erfðagreiningar og því sem ráða megi af framlögðum gögnum. Með þessu beinir Sigurður sjónum sínum að augljósum réttarfarslegum annmörkum á rannsókn málsins sem sætti ekki aðfinnslum af hálfu dómsins þrátt fyrir athugasemdir verjanda ákærða. Með þessari grein undirritaðrar, sem var verjandi ákærða, er ekki ætlunin að endurtaka það sem kemur fram hjá Sigurði heldur að undirstrika frekar gagnrýni hans á efnislega niðurstöðu dómsins.

Rökstuðningur og tilvísanir Hæstaréttar

Í greininni tekur Sigurður upp ummæli í forsendum héraðsdóms sem vísað var í með almennum orðum í forsendum Hæstaréttar. Þar segir að gögn þau sem ákærði afritaði hafi falið í sér upplýsingar sem urðu til við rannsóknir hjá Íslenskri erfðagreiningu og lýsi þeim niðurstöðum sem af þeim leiddi. Hin afleiddu gögn og samanteknar niðurstöður sem Íslensk erfðagreining

hafi safnað saman, flokkað, raðað niður og sett í sinn gagnagrunn hafi verið búin til hjá Íslenskri erfðagreiningu. Af þessum ummælum mætti ráða að framlögð gögn málsins hefðu sýnt að hver hinna 29 skráa sem starfsmaðurinn var dæmdur fyrir að afrita hefði orðið til með þeim hætti að rannsóknar- niðurstöðum hefði verið safnað saman, þær flokkaðar, raðað niður og settar fram í nýjum skjölum og að dómurinn hefði metið það svo að nákvæmlega þessi vinna hefði falið í sér verulega fjárfestingu í skilningi 7. gr. tilskipunar ESB nr. 96/9 um lögverndun gagnagrunna. Þetta er hins vegar alrangt. Þrjú af þeim vitnum er komu fyrir dóminn, allt starfsmenn Íslenskrar erfðagreiningar, tjáðu sig um efnislegt innihald þeirra skráa er ákært var fyrir og einnig um vinnu fyrirtækisins við val nokkurra skráa úr hópi fjölmargra afritaðra skráa í þeim tilgangi að vinna lista er afhentur var lögreglu við rannsókn málsins. Ekkert vitnanna var spurt um tilurð hinna 29 skráa, hvorki um það hvernig þær hefðu orðið til, hversu langan tíma hefði tekið að búa þær til eða um önnur atriði er hefðu getað orðið forsenda ályktunar um að gerð skráanna hefði falið í sér verulega fjárfestingu í skilningi 1. mgr. 50 gr. höfundalaga. Spurningar ákæruvaldsins lutu að því hvort skránar hefðu verið búnar til í starfsemi fyrirtækisins, hvort þær væru samantektarlistar yfir rannsóknarvinnu þess, hversu miklir fjármunir hefðu farið í rannsóknarvinnuna og hversu mikil vinna lægi að baki rannsóknarvinnunni. Það vekur furðu að eina spurningin um tilurð skráanna 29 sem lögð var fyrir þá er komu fyrir dóminn var spurning frá verjanda ákærða til hans sjálfs þar sem hann var spurður um hvort tekið hefði langan tíma að útbúa skjölin. Svar ákærða var að svo hefði ekki verið

og benti hann á að skoðun þeirra á rafrænu formi sýndi að oft hafi það tekið innan við mínútu. Af þessu má sjá að tilvísun í dómi Hæstaréttar til framlagðra gagna og framburðar vitna er ekki aðeins órökstudd heldur stenst hún ekki nánari skoðun.

Eftir að hinir stefnumarkandi dómur Evrópudómstólsins voru kveðnir upp í nóvember 2004 hafa gengið dómur í ríkjum Evrópusambandsins þar sem tekist hefur verið á um sértæka vernd gagnagrunna. Einn þessara dóma gekk í Danmörku í svokölluðu Home/Ofir máli, U.2006.1564S, Dómurinn taldi að gerð gagnagrunns Home fasteignasölukeðjunnar í þeim tilgangi að auglýsa og kynna fasteignir væri það nátengd aðalstarfsemi keðjunnar við sölu fasteigna að gagnagrunnurinn nyti ekki verndar 71. gr. dönsku höfundalaganna sem samsvarar 50. gr. íslensku laganna. Þessi niðurstaða er leidd beint af dómum Evrópudómstólsins. Á árinu 2005 var bent á að dómstólar hefðu ekki fjallað um það hvort vinnsla gagna er hafa orðið til við vísindarannsóknir væri fallin til þess að stofna til gagnagrunnsverndar. Mér er ekki kunnugt um að í dómum sem gengið hafa á þessu sviði frá þeim tíma hafi verið fjallað um slík gögn fyrr en í því máli sem lauk með dómi Hæstaréttar 18. október 2007. Vönduð umfjöllun af hálfu ákærvalds og dómstóla hefði getað leitt til merks framlags til réttarþróunar á þessu sviði. Það er afar miður að svo varð ekki.

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar.

Dóm- og skýrslutöktutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi.

Brautarholti 28 • 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is



Lögmannafélag
Íslands

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 2008 verður haldinn fimmtudaginn 13. mars kl. 16:00 í sal I á Hilton Reykjavik Nordica.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Að loknum fundi verður haldinn aðalfundur félagsdeildar LMFÍ.
Stjórn LMFÍ

Ný jafnréttislög

Með nýjum jafnréttislögum sem samþykkt voru á Alþingi þann 26. febrúar 2008 eru gerðar umtalsverðar breytingar og þá fyrst og fremst varðandi eftirlitsþáttinn. Þá eru auknar skyldur lagðar á vinnuveitendur hvað varðar gerð jafnréttisáætlana, reglur um tilnefningar í nefndir og ráð á vegum hins opinbera eru hertar auk þess sem starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum.

Auknar eftirlitsheimildir Jafnréttisstofu

Heimildir Jafnréttisstofu til að krefjast upplýsinga og gagna eru auknar mjög verulega og stofunni veitt heimild til beitingar dagsekta þar til umbeðnar upplýsingar og gögn hafa verið látin í té. Stofan skal óska eftir því að kærunefnd jafnréttismála taki mál til meðferðar renni gögnin frekari stoðum undir að brotið hafi verið gegn lögnum. Jafnréttisstofa skal einnig fylgja eftir úrskurðum kærunefndar að beiðni kæranda og getur beitt dagsektum verði sá sem úrskurður nefndarinnar beinist gegn ekki við fyrirmælum hennar um að grípa til viðunandi úrbóta. Sama gildir láti

vinnuveitandi hjá líða að gera jafnréttisáætlun eða telji Jafnréttisstofa jafnréttisáætlun ekki viðundandi.

Málsmeðferð fyrir kærunefnd jafnréttismála

Úrskurðir kærunefndar jafnréttismála eru nú bindandi gagnvart málsaðilum. Málsmeðferðarreglurnar vekja athygli. Úrskurði skal kveða upp eigi síðar en þremur mánuðum eftir að nefndinni berst mál í hendur sem er afar knappur tími, t.d. ef um er að ræða flókin jafnlaunamál.

Frestun réttaráhrifa úrskurðar

Lögin fjalla ítarlega um frestun réttaráhrifa úrskurðar og heimildir kærunefndar til slíkrar ákvörðunar. Krefjast þarf frestunar innan 10 daga frá birtingu úrskurðar og hún er háð því skilyrði að mál sé borið undir dómstóla innan 30 daga og óskað hafi verið eftir flýtimeðferð. Þetta vekur spurningar um hvaða réttaráhrif úrskurðir nefndarinnar hafi. Verkefni hennar er óbreytt frá fyrri lögum, þ.e. að fjalla um það hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Það verður því ekki séð úrskurðir kærunefndar geti verið aðfararhæfir.

Ný gjafsóknarregla

Lögin veita kærunefnd heimild til ákvörðunar málskostnaðar til handa kæranda. Hafi kera verið bersýnilega tilefnislaus getur nefndin þó úrskurðað kærða málskostnað. Þá hafa lögin að geyma sérstaka gjafsóknarreglu sem felur í sér að kærandi fær málskostnað sinn fyrir héraðsdómi og Hæstarétti greiddan úr ríkissjóði án nokkurra skilyrða vilji gagnaðili ekki una úrskurði nefndarinnar.

Um málsmeðferð fer auk þess að hætti opinberra mála.

Einstakt námskeið hjá LMFÍ:

Samningatækni – vísindin og listin að eiga árangursríkar samningaviðræður

Í aprílmánuði er von á dr. Simao Avila prófessor við Stanford háskóla til að halda námskeið á vegum LMFÍ í samningatækni. Ástæða þess að dr. Avila er að koma til Íslands er sú að einn félagsmanna lögmannafélagsins var nemandi hans við Stanford háskóla á síðasta ári. Á námskeiðinu verður farið yfir hvernig þátttakendur geta aukið hæfni sína við lausn ágreiningsefna, hlutverki lögmannna við samningaborðið, færni við að greina og undirbúa samningaviðræður og að þróa samningatækni sem reynist þeim sjálfum best. Námskeiðið verður haldið 22. og 23. apríl en nánari upplýsingar eru á heimasíðu LMFÍ.



Litlaþrent
Stórt verk lítið mál

Litlaþrent ehf. | Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is

prent.is



Haldinn á Nordica hóteli föstudaginn 9. maí.

Lagadagurinn er haldinn í samstarfi við Umboðsmann Alþingis og lagadeildir Háskóla Íslands, Háskóla Reykjavíkur og Háskólans á Bifröst.

Lagadagurinn hefst á hádegisverði kl. 12:00 og sameiginlegri málstofu:

Aðferðir og tæki einkamarkaðarins – hvernig henta þau í stjórnsýslunni?

Framsögumenn: Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, og fleiri.

Málstofa I: Atvinnufrelsið og almannahagsmunir – hvar liggja mörkin?

Framsögumenn: Björg Thorarensen, prófessor og forseti lagadeildar Háskóla Íslands, Karl Axelsson, hrl. og dósent við lagadeild Háskóla Íslands og Eiríkur Jónsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands.

Málstofa II: Deilt um lögskýringaraðferðir – dómur Hæstaréttar í máli nr. 634/2007.

Framsögumenn: Róbert Ragnar Spanó, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Jón Steinar Gunnlaugsson, hæstaréttardómari og Sigurður Líndal, prófessor við lagadeild Háskólans á Bifröst.

Málstofa III: Ný heildarlöggjöf um verðbréfavíðskipti.

Innleiðing MiFID í löggjöf á Norðurlöndum.

Framsögumaður: Aðalsteinn E. Jónasson, hrl. og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík og fleiri.

Málstofa IV: Áhrif Alþingis á stjórnarráðið – þingeftirlit, fræði og raunveruleiki.

Framsögumenn: Dr. Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Margrét Vala Kristjánsdóttir, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík og Bryndís Hlökkversdóttir, forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst.

Um kvöldið verður móttaka og hátíðarkvöldverður.
Stórdansleikur verður með hljómsveitinni Sniglabandið.

Lagadagsnefnd



Helgi Jóhannesson hrl.

Vor

Senn vorar í íslenskri náttúru og dagarnir lengjast með hverri vikunni sem líður. Það er hins vegar lítið vorhljóð í íslensku efnahags- og viðskiptalífi. Hlutabréfamarkaðurinn hefur hrunið, skóinn kreppir hjá banka- og fjármálastofnunum og aðhald og sparnaður er rekstrar- módelið sem unnið verður eftir hjá mörgum fyrirtækjum og einstaklingum á komandi mánuðum. Ljóst er að erfiðleikar steðja víða að, einkum vegna minnkandi verðmæta þeirra eigna sem standa undir tryggingum lántakenda. Það er einmitt á svona stundum í efnahagslífinu sem nákvæmni í samningagerð og lögfræðiráðgjöf skiptir sköpum. Þegar farið er að rýna í gerða samninga og ganga eftir þeim

réttindum og skyldum sem í þeim felast. Ábyrgð lögmanna er mikil í þessu sambandi, ekki síst í því að halda jarðsambandinu á uppgangstímum á meðan vel gengur og allir hagnast. Aldrei má slaka á vönduðum vinnubrögðum. Lögmenn geta í störfum sínum aldrei gert ráð fyrir endalausum uppgangi, heldur þurfa að miða alla ráðgjöf og skjalagerð fyrir viðskiptavinum sína við að bakslag getur komið í seglin. Það getur skilið á milli feigs og ófeigs hvernig staðið er að málum í upphafi. Það hafa áður komið erfiðir tímar en vorið kemur eftir veturinn. Þá er rétt að hafa í huga ástandið núna og ganga hægt um gleðinnar dyr eða jafnvel koma sér fyrir í dyravarðastarfinu sjálfu.

Á næsta aðalfundi LMFÍ mun ég láta af störfum eftir þriggja ára setu sem formaður. Starfið hefur verið mjög gefandi og ég tel að félagið skipti afar miklu fyrir lögmenn. Þó formannsstarfið sé á stundum krefjandi er ljóst að það væri óvinnandi ef ekki nyti við frábærs starfsfólks á skrifstofu LMFÍ og góðra meðstjórnarmanna. Færi ég öllum þeim sem setið hafa í stjórnun með mér í gegnum tíðina og sérstaklega þeim Ingimari, Eyrúnu og Hjördísi, starfsmönnum LMFÍ, kærar þakkir fyrir frábært samstarf.

Gleðilegt sumar.
Helgi Jóhannesson hrl.



-í símann á meðan þú vinnur.

Þjónusta Símaversins er:

- Að annast símsvörum fyrir fyrirtæki.
- Símasala.
- Kynna vöru og þjónustu og bóka kynningarfundir.
- Fylgja eftir markpósti.
- Önnur þjónusta sérsníðin að óskum viðskiptavina.

Símaverið ehf, Póllgötu 2 400 Ísafirði. Sími 450 5500, fax 450 5501
hcimasíða www.simaverid.is, netfang simaverid@simaverid.is

Af Merði lögmanni

Eðli málsins samkvæmt hefur Mördur svolítið gaman af fólki sem hvorki er í útliti né hegðun eins og flestir aðrir. Hluti af þessu fólki er oft nefnt í daglegu tali „nerðir“ eða hreinlega „lúðar“. Yngsti sonur Marðar, sem hann átti í lausaleik og kom undir á skemmtikvöldi Framsóknarfélagsins á Hólmarvík fyrir næstum 20 árum, telst hafa einkenni lúða. Eins og við mátti búast fékk drengurinn ekki líkamlegt atgerði í vöggugjöf en því meira af ýmsum sérkennum, s.s. áhuga á skák og tölvuleikjum alls konar. Hann hyggst því nema lögfræði að loknu stúdentsprófi.

Mördur tefldi sjálfur á sínum yngri árum, sérstaklega í lagadeildinni eins og algengt var á þeim tíma. Þeir hörðustu urðu síðar stórmeistarar og nutu gríðarlegrar kvenhylli þrátt fyrir sérviskuna en Mördur var ekki í þeim hópi. Sem áhugamaður um skák og sérkennilegt fólk hefur Mördur stundum fylgst með skákmótum, sérstaklega þegar sonurinn er meðal þátttakenda. Einnig finnst Merði hann vera svolítið á heimavelli á skákmótum enda keppendur ekki ólíkir Merði í öllu atgerði og holningu. Klæðaburður frekar gamaldags, buxur gjarnan of stuttar enda buxnastrengurinn oftast dreginn upp að brjósti. Hárið svolítið kleprað og oftar en ekki skipt með áberandi hætti. Virka gjarnan háflamaðir í andliti og þá sjaldan þeir opna munninn er ekki nokkur leið að skilja þá. Þrátt fyrir þetta allt er ákveðinn sjarmi yfir þeim og sennilega eru þeir nokkuð glaðir í hjarta sínu þótt orðin „stuð og stemning“ (eins og unglिंगarnir segja) eigi ekki beinlínis við um þá.

Á tímum opinberra lausna á öllu er Mördur hræddur um að útrýma eigi lúðum. Við verðum öll að vera eins því annars er hætta á því að okkur líði illa. Það er engin nýliðun í Downs-heilkenninu, enginn má vera yfir kjörþyngd og eiginlega ekki undir henni heldur. Við megum heldur ekki gera neitt sem gæti talist óhollt, eins og að reykja og borða skyndibita. Það er ennþá verra ef við vogum okkur að spila fjárhættuspil eða fletta klámblöðum, þá er andleg heilsa í húfi.

Ekki er hægt að ná þessum göfugu markmiðum nema með því að beita refsingum. Þannig verður maðurinn smátt og smátt fullkominn. Hann hættir að hafa áhuga á klámi, öll fíkn hverfur og hann valhoppar bara um í stanslausri gleði. Auðvitað í kjörþyngd og reyklaus. Mördur er ekki viss um að hann vilji lifa í fullkomnum heimi af augljósum ástæðum. Hann yrði fljótlega það sem kallað er í fræðunum „vanaafbrotamaður“ en meðal almennings heitir það að vera „góðkunningi lögreglunnar“.

Mördur hefur alltaf haldið því fram að það sé beinlínis hættulegt að búa í lastalausum heimi í kjörþyngd. Í slíkum heimi sé hætta á að menn drepist úr leiðindum og ef það gerist ekki sjálfkrafa þá fyrir eigin hendi. Mördur er langt yfir kjörþyngd, hefur spilað rassinn úr buxunum, reykir þegar hann drekkur og drekkur þegar hann reykir og er landsfrægur klámhundur. Samt er hann svo glaður að hann myndi valhoppa ef hann gæti fyrir offitu. Að vísu veldur Mördur ekki mikilli gleði hjá öðrum en það er annað mál.



Latitude™ D630
204.900 kr.
164.578 kr. án VSK

Vertu tengdur á ferð og flugi

Við kynnum Latitude D630 - léttu, þunna og geysiöfluga fartölvu fyrir athafnafólk. D630 fullnýtir afkastagetuna með auknum líftíma rafhlöðu, sparneynu NVIDIA grafíkkorti, björtum breiðskjá og fjölmörgum þráðlausum lausnum sem tryggja nær takmarkalaus tengingu.

Intel® Core™2 Duo örgjörvi T7700, 2,4 GHz
(4MB L2 cache, 800 MHz FSB)
Microsoft Windows XP™ Professional
2GB, 667MHz, DDR2, SDRAM vinnsluminni
120GB harður diskur
8x DVD+/-RW geisladrif
nVidia Quadro NVS 135M skjá kort
með 128MB minni
14,1" WXGA+ LCD skjár (1440 X 900 upplausn)
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

DELL™

FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk, og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentivillur og myndabreytingu.

Intel, the Intel logo, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S., and other countries. © 2007 Dell Corporation Limited, Dell, the Dell logo, Latitude are registered trademarks or trademarks of Dell Inc.,

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R.Sigmundsson / Fiskilóð 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 //

Tölvu- og rafeindabjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 //

Bókaverslun Pórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 //

Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrúkur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 //

Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbær / 422 0300 // Martólvan / Líðu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300





Ný máflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir hrl.

Lex ehf.
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600

Pórður Bogason hrl.

Lögmenn Höfðabakka ehf.
Höfðabakka 9
110 Reykjavík
Sími: 587-1286

Karl Ólafur Karlsson hrl.

Lag – lögmenn
Ingólfsstræti 5
101 Reykjavík
Sími: 562-2024

Hulda Rós Rúriksdóttir hrl.

Borgarlögmenn
Suðurlandsbraut 6, 4.hæð
108 Reykjavík
Sími: 533-1130

Ólafur Örn Svansson hrl.

Forum lögmenn
Aðalastræti 6, 5.hæð
101 Reykjavík
Sími: 562-3939

Ný máflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

Eva Hrönn Jónsdóttir hdl.

Opus lögmenn ehf.
Austurstræti 17
101 Reykjavík
Sími: 552-2299

Telma Halldórsdóttir hdl.

Fulltingi
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 533-2050

Bjarni Aðalgeirsson hdl.

Kaupþing banki hf.
Sóltúni 26
105 Reykjavík
Sími: 444-6168

Ágúst Stefánsson hdl.

Lögmenn Suðurlandi
Austurvegi 3
800 Selfoss
Sími: 480-2900

Heiðrún Lind Marteinsdóttir hdl.

Lex lögmennsstofa ehf.
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600

Ari Karlsson hdl.

Logos lögmennsþjónusta
Efstaleiti 5
105 Reykjavík
Sími: 540-0300

Ingvar Þór Sigurðsson hdl.

Alþingi
v/Austurvöll
150 Reykjavík
Sími: 563-0523

Dagbjört Erla Einarsdóttir hdl.

Landsbanki Íslands
Hafnarstræti 5
101 Reykjavík
Sími: 410-7194

Pórður Guðmundsson hdl.

Borgarlögmaður
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík
Sími: 411-4105

Nýr vinnustaður:

Feldís L. Óskarsdóttir hdl.

Borgarlögmenn
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími: 533-1330

Garðar Valdimarsson hrl.

Deloitte hf
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: 580-3037

Grétar Már Ólafsson hdl.

Glitnir
Kirkjusandi 2
Sími: 440-4587

Einar Jónsson hdl.

Kvasir lögmenn
Laugavegi 182, 2.hæð
105 Reykjavík
Sími: 555-6000

Eiríkur S. Svavarsson hdl.

Kvasir lögmenn
Laugavegi 182, 2.hæð
105 Reykjavík
Sími: 555-6000

Hildur Sólveig Pétursdóttir hrl.

Kvasir lögmenn
Laugavegi 182, 2.hæð
105 Reykjavík
Sími: 555-6000

Hlynur Jónsson hdl.

Kvasir lögmenn
Laugavegi 182, 2.hæð
105 Reykjavík
Sími: 555-6000

Nýtt aðsetur:

Lögmenn ehf., Björgvin Jónsson hrl.

Pinghóltsstræti 27
101 Reykjavík
Sími: 511-3400

Friðbjörn Garðarsson hdl.

Regula lögmennsstofa
Borgartúni 28
108 Reykjavík
Sími: 580-7900

Berglind Svavarsdóttir hdl.

Regula lögmennsstofa
Borgartúni 28
108 Reykjavík
Sími: 580-7900

Fides lögmennsstofa

Herdís Hallmarsdóttir hdl.
Lágmúla 5, 4.hæð
108 Reykjavík
Sími: 534-2600

Nýjar viðmiðunarreglur fyrir héraðsdómstólana.

Samkvæmt tilkynningu Dómstólaráðs nr. 3/2007 tóku nýjar viðmiðunarreglur fyrir héraðsdómstólana gildi 1. janúar 2008. Samkvæmt þeim er tímagjald lögmanna fyrir verjenda- og réttargæslustörf hækkuð úr 10.400 krónum í 11.200 krónur auk vsk. Jafnframt er lágmarksgjald fyrir útkall hækkað úr 32.000 krónum í 34.600 krónur auk vsk. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar í handbók lögmanna á heimasíðu Lögmennafélagsins á slóðinni www.lmfi.is



Eyrún Ingadóttir

Heimasíða LMFÍ

Árið 2007 heimsóttu mánaðarlega að jafnaði 18.000 manns heimasíðu LMFÍ en frá því árið 2005 hefur umferð um heimasíðuna rúmlega tvöfaldast. Ástæður þessa eru eflaust þær að mikil aukning hefur orðið á notkun internetsins og fleiri nýta sér leitarvélur til að afla upplýsinga. Í þessari frampróun hefur LÖGMANNA-LISTINN á heimasíðu LMFÍ sannað gildi sitt og auðveldað mörgum leit að lögmanni. Sömuleiðis hafa margir lögmennt gert gangskör í því að opna heimasíðu sem er síðan tengd við upplýsingar á heimasíðu LMFÍ.

Íslendingaslóðir í Kanada

Hafin er skipulagning á námsferð LMFÍ en að þessu sinni hafa Íslendingaslóðir í Kanada orðið fyrir valinu. Ferðin verður auglýst nánar síðar en reikna má með ca. fimm dögum í ferðina um og eftir miðjan október.

Námskeið vorannar

Ellefu námskeið hafa verið auglýst á vorönn og þar af hafa þrjú þegar verið haldin. Námskeið í flöggun og yfirtökuskyldu og nýjum lögum um fyrningu kröfuréttinda gengu afar vel en eitt námskeið þurfti að fella niður vegna þátttökuleysis. Það var námskeið í síma- og tölvusvörun sem ætlað var fyrir starfsfólk lögmannsstofa.

Önnur námskeið eru: Íslenskir lánasamningar, Gerð og framkvæmd lögfræðilegra áreiðanleikakannana, Varnarþingsreglur Lúganósamningsins, Viðurkenning og fullnusta erlendra dóma, Skiptir máli að lögmennt veiti afbragðsþjónustu? Samningatækni – vísindin og listin að eiga árangursríkar samningarviðræður, Gerð kaupmála og erfðaskráa og Nauðungarsala og aðfarargerðir.

Andlitslyfting bókasafns

Bókasafnið hefur fengið andlitslyftingu svo um munar í vetur. Búið er að stækka rýmið, setja upp kaffiaðstöðu, snyrtingu og fleira. Þráðlaust net er einnig á bókasafninu og komin frábær aðstaða til fræðistarfa.

Eyjafjallajökull – tilraun tvö

Félagsdeild hefur auglýst ferð upp á Eyjafjallajökul laugardaginn 24. maí. Ætlunin var að ganga á jökulinn á síðasta ári en vegna veðurs varð að aflýsa þeirri ferð. Nú vonumst við eftir blíðu og útsýni yfir landið og miðin. Íslenskir fjallaleiðsögumenn hafa tekið að sér að lóðsa hópinn upp á jökulinn en um 20 manns hafa þegar skráð sig í ferðina. Ef vel tekst til er draumurinn að stefna á gönguferð á Grænlandi að ári.



Öldungadeild Lögfræðingafélags Íslands

Um 40 manns hafa skráð sig í öldungadeild Lögfræðingafélags Íslands en stofnfundur hennar var haldinn 28. nóvember 2007. Fyrirhugað er að halda fundi einu sinni í mánuði yfir veturinn með áhugaverðu fundar efni. Jafnframt er ætlunin að efna til námskeiða sem henta þessum hópi framar öðrum, t.d. í sagnfræði eða tölvunarfræði og skipuleggja ferðalög og aðra skemmtan, félagsmönnum og mökum þeirra til upplýftingar.

Tilgangur öldungadeildar

Fyrirmynd að öldungadeildinni er sótt til útlanda og til annarra fagfélaga hér á landi. Hugmyndin byggist á því að auka samskipti milli lögfræðinga eftir að þeir láta af störfum. Eftir starfslok fylgjast margir minna með því sem er að gerast í faginu og eru ef til vill í nokkurri hættu að einangrast á heimilum sínum án verulegra samskipta við aðra en nánustu fjölskyldu. Allir hafa gott af því að komast út á meðal fólks og þeir sem hættir eru reglubundnum störfum hafa meiri tíma.

Þótt efnt sé til sérstakrar deildar fyrir þennan hóp er þó ætlast til að félagsmenn taki þátt í starfsemi Lögfræðingafélagsins. Miðað er við að félagar geti orðið þeir lögfræðingar sem eru 65 ára og eldri eða hafa látið af reglulegum störfum. Ekki er fyrirhugað að hafa sjálfstætt félagsgjald fyrir öldungadeildina heldur eiga félagsmenn að greiða árgjald til Lögfræðingafélagsins enda nýtir deildin þjónustu framkvæmdastjórans.

Stofnfundur

Á stofnfundinum bauð Benedikt Bogason, héraðsdómari og formaður Lögfræðingafélagsins, gesti velkomna en Hrafn Bragason, frv. hæstaréttardómari reifaði síðan hugmyndina um deildina og lagði fram samþykktir hennar. Kjörin var þriggja manna stjórn og varastjórn, svo og sérstakt öldungaráð sem verður stjórninni til ráðuneytis. Í aðalstjórn voru kjörin Hrafn Bragason, Auður Þorbergsdóttir, frv. dómari, og Jón Thors frv. skrifstofustjóri dómsmálaráðuneytis og Jakob R. Möller, hrl., Sveinbjörn



Frá stofnfundi.



Undirbúningsnefnd fyrir stofnun öldungadeildar Lögfræðingafélags Íslands. F.v. Jón Thors, Jakob R. Möller, Auður Þorbergsdóttir, Sveinbjörn Hafliðason og Hrafn Bragason.

Hafliðason, frv. yfirlögfræðingur Seðlabanka Íslands og Elín Norðdahl, sérfræðingur hjá ríkisskattstjóra í varastjórn. Varastjórnarmenn sitja í öldungaráði auk þriggja annarra en í ráðið voru kjörin Guðrún Erlendsdóttir frv. hæstaréttardómari, Ólafur W. Stefánsson frv. skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti og Ragnhildur Helgadóttir frv. alþingismaður.

Að loknum aðalfundarstörfum sagði Þorsteinn Pálsson ritstjóri frá störfum stjórnarskrárnefndar og hugmyndum sínum um breytingar á stjórnarskránni. Sigurður Líndal prófessor brást svo við erindi Þorsteins, svo og fleiri fundarmenn. Kom fram að þótt menn væru í mörgu sammála hugmyndum Þorsteins þætti þeim lítið ganga að koma breytingartillögum fram.

Fyrstu fundir

Fyrsti félagsfundur öldungadeildar var haldinn 16. janúar 2008. Stefán Eiríksson lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins ræddi þar um skiptingu landsins í lögregluumdæmi og stefnur í löggæslumálum. Þorleifur Pálsson sýslumaður og Bogi Nílsson frv. ríkissaksóknari brugðust við framsögu Stefáns fyrir tilstilli formanns en síðan urðu almennar umræður. Var góður rómur að því gerður.

Þann 13. febrúar var annar félagsfundur deildarinnar en Sif Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Óbyggðanefndar, skýrði frá störfum nefndarinnar og þeim meginreglum sem gilda um mörk þjóðlendna eftir því sem þegar má merkja af störfum nefndarinnar og úrlausnum Hæstaréttar Íslands.

Stefnt er að því að fara saman á einleik Brynhildar Guðjónsdóttur leikkonu um ambáttina Brák, sem sýndur er í Landnámssetrinu í Borgarnesi, sunnudaginn 30. mars n.k. Brák var fóstur Egils Skallagrímssonar og er Brákarsund kennt við hana. Á eftir leiksýningunni er fyrirhugað að fá sér eitthvað í svanginn á staðnum.

Hrafn Bragason



Ingimar Ingason

Tilmæli CCBE um menntun verðandi lögmannna

Lögmenn framtíðar

Vegna gildandi Evrópureglna um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum og frjálst flæði vinnuafis innan EES hafa Samtök evrópskra lögmannafélaga (CCBE) sett leiðbeinandi tilmæli um menntun verðandi lögmannna í Evrópu. Þeim er ætlað að gilda um lögfræðinga frá þeim tíma sem formlegu laganámi lýkur þar til þeir hefja störf sem lögmenn. Það er athyglisvert að öll helstu atriðin sem þar koma fram eru á námsskrá námskeiðs til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður. Er því vart hægt að draga aðra ályktun en þá að reglurnar hafi verið mjög vel ígrundaðar þegar þær voru settar og ættu að tryggja yfirgripsmikla þekkingu og hæfni verðandi lögmannna á Íslandi. Hinum leiðbeinandi tilmælum CCBE má skipta upp í þrjá megin kafla.

1. Siðareglur

Fyrsti kafli snýr að siðareglum og öðrum fagreglum lögmannna. Ætlunin er að gera lögmenn framtíðar betur meðvitaða um stöðu sína og hlutverk í réttarkerfinu sem og í samfélaginu í heild.

Það er sett sem grundvallarskilyrði að lögmenn hafi tileinkað sér þekkingu og skilning á gildandi lögum um lögmenn, þ.m.t. á siðareglum lögmannna, bæði í heimaríki sem og siðareglum CCBE sem taka til samskipta lögmannna milli landa. Þannig á að tryggja að lögmenn geti þjónað hagsmunum skjólstæðinga sinna og almannahagsmunum út frá sjónarmiðum réttaröryggis.

Þekking á siðareglum lögmannna tekur m.a. til skilnings á hlutverki lögmannna, sjálfstæði, trúnaðarskyldu,

hagsmunaárekstrum og inntaki hagsmunagæslu. Einnig á samskiptum við skjólstæðinga og aðra lögmenn, við dómstóla og lögmannafélög. Jafnframt er mikilvægt að verðandi lögmenn skilji inntak þeirra réttinda og skyldna sem felast í störfum þeirra við ráðgjöf og málflutning, hlutverk lögmannafélaga, t.a.m. eftirlits – og agavald þeirra og séu meðvitaðir um þær reglur sem gilda um meðhöndlun fjár skjólstæðinga, bótaábyrgð og gildi starfsábyrgðartrygginga.

2. Framkvæmd lögmennsstarfa

Annar kafli tilmælanna fjallar um að framkvæmd lögmennsstarfa þ.e. bæði þá fræðilegu og hagnýtu þekkingu sem lögmenn verða að hafa tileinkað sér. Þannig er lagt upp með að lögmaður geti í rauninni ekki veitt skjólstæðingi ráðgjöf eða gætt hagsmuna hans í dómsmáli nema að undangenginni nauðsynlegri þjálfun.

Þjálfunin þarf að vera þannig að lögmenn þekki vel lagaumhverfið og hafi yfirgripsmikla þekkingu á réttarkerfum þ.m.t. þeim hluta sem snýr að evrópumálefnum. Einnig þurfi þeir umfangsmikla sérþekkingu á a.m.k. nokkrum réttarsviðum umfram almennar grunnreglur réttarkerfisins. Að auki þurfi þeir að hafa yfir að ráða fullnægjandi þekkingu á réttarfarsreglum og málsmeðferðareglum í sáttameðferðum. Þá er gerð krafa um þekkingu í skjalagerð, m.a. gerð samninga, í samningatækni, hæfni til bera kennsl á lögfræðileg álitæfni, hæfni til lögfræðilegrar rannsóknarvinnu, til að meta þarfir skjólstæðinga, finna lausnir, velja á milli mismunandi leiða, o.fl.

3. Skipulag

Priðji kafli þessara tilmæla fjallar um skipulag og gæði. Þannig á skjólstæðingur að geta treyst því að mál sem hann felur lögmanni séu sett í hendur kunnáttumanna á viðkomandi sviði og að hann fái faglega aðstoð hratt og örugglega þegar nauðsyn krefur. Jafnframt á hann að geta treyst því að skjöl og viðskiptaleyndarmál sín séu vernduð. Þá er gerð krafa um að lögmenn framtíðarinnar þurfi að hafa víðtæka þekkingu á rekstri lögmennsstofa m.a. út frá bókhalds- og skattalögum, félagarétti og váttryggingarrétti.

Er tímabært að taka upp endurmenntunarskyldu?

Í grundvallaratriðum uppfyllir núverandi undirbúningsnámskeið fyrir öflun héraðsdómsréttinda þær kröfur sem Samtök evrópskra lögmanna leggja áherslu

á að gerðar verði til lögmanna framtíðarinnar a.m.k. hvað varðar bóklega hlutann. Hins vegar hljóta þessar nýju leiðbeiningar að kalla á umræðu meðal íslenskra lögmanna um hvort ekki sé tímabært að taka upp sérstaka starfþjálfun fyrir lögfræðinga áður eða samhliða námskeiði til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda. Starfþjálfun hefur tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar um langt árabil og gefist mjög vel. Með henni mætti tryggja enn betur að verðandi lögmenn hljóti fullnægjandi þjálfun. Umræða um ríkari kröfur til lögmanna framtíðar hlýtur einnig að kalla á frekari skoðun á því hvort ekki sé tímabært að taka upp skylduendurmenntun lögmanna á Íslandi. Slík skylda er nú komin á hjá öllum lögmannafélögum á Norðurlöndunum, í Bretlandi og mjög víða á meginlandi Evrópu.

Nánari upplýsingar um þetta efni er að finna á heimasíðu CCBE á slóðinni www.ccbe.org.

Skák og mát

Míningarmót um Bobby Fischer var haldið í salarkynnum LMFÍ föstudagskvöldið 15. febrúar sl. Þrátt fyrir þorrablótsannir sáu nokkrir valinkunnir félagsmenn sér fært að tefla nokkrar skákir til heiðurs Bobby og klára jólabjór félagsins sem lá undir skemmdum. Tefldar voru tvær umferðir en úrslit urðu þau að Ágúst Sindri Karlsson sigraði með 12 vinninga. Í öðru sæti var Björgvin Jónsson með 11 vinninga og í þriðja sæti var Árni Á. Árnason með 8,5 vinning.



Ágúst Sindri Karlsson (t.h.) tekur við „Fischer prize“ úr hendi Árna Á. Árnasonar en verðlaunin voru kampavínsflaska og viðurkenningarskjal með myndum af Bobby Fischer sem hangir nú uppi á besta stað á skrifstofu kappans.



Veturiði Þór Stefánsson (t.v.) og Ásgeir Þór Árnason gefa sig algjörlega í skákina.



Mörður Lögmaður (t.v) lét sig ekki vanta á skákmótið frekar en Björgvin Jónsson.

Viðskiptalífið þarfnast öflugra lögfræðinga. Sérhæft laganám skapar forskot.

 Bryndís Hlökkversdóttir
forseti lagadeildar



WWW.BIFRÖST.IS

Meistaránám í lagadeild

ML Í LÖGFRÆÐI
MA Í SKATTARÉTTI

Meistarapróf í lögum frá Háskólanum á Bifröst opnar leiðir á öllum sviðum hefðbundinnar lögfræði, sérstaklega þó á fyrirtækja- og fjármálamarkaði. Í lagadeild Háskólans á Bifröst er boðið upp á tvenns konar meistaránám. Annars vegar 60 eininga nám til ML gráðu sem veitir aukna fræðilega þekkingu á lögfræði, auk þjálfunar í lögmannsstörfum og ráðgjöf. Að náminu

loknu öðlast nemendur rétt til að þreyta próf til málflytninguréttinda. Hins vegar er boðið upp á 45 eininga MA nám í skattarétti. Námið er undirbúningur fyrir vinnu við skattamál hjá hinu opinbera, í bönkum, hjá ráðgjafafyrirtækjum og víðar.

Meistaránám í lagadeild er eftirsóknarvert framhaldsnám sem veitir fjölbreytta starfsmöguleika.

VIÐSKIPTAÐEILD

- BS í viðskiptafræði
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

FÉLAGSVÍSINDAÐEILD

- BA í heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

LAGAÐEILD

- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is